

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *16. fundur.*

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 2. mars 2011, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 21. feb.
4. Fjárhagsáætlun HNE 2011.
5. Styrkbeiðni frá Bandalagi íslenskra skáta.
6. Styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Þjálfá.
7. Fundargerð Skólanefndar dags. 7. feb.

#### Til kynningar:

Ráðgjöf á sviði verkefnastjórnunar fyrir sveitarfélög.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 31. jan.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Ne. dags. 3. feb.

Fundargerð stjórnar Sorpsamlags Þingeyinga dags. 18. feb.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli sjö yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

### 2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.

Þriggja ára fjárhagsáætlunin rædd og samþykkt. Gert er ráð fyrir að rekstur samstæðunnar verði rétt fyrir ofan núllið öll árin. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

G-listi leggur fram eftirfarandi bókun:

„Við samþykkt þriggja ára fjárhagsáætlun 2011 vill G-listinn leggja áherslu á að við gerð næstu áætlunar verði þetta stjórnþæki betur nýtt. Þannig að með markvissum hætti verði sett markmið um íbúaupróun, fjárfestingar, viðhald á veitum og öðrum eignum, rekstur þjónustustofnanna og ráðstöfun eigna.

Vinna með þessa liði getur haft veruleg áhrif á heildarniðurstöðu áætlunarinnar, því er áréttað mikilvægi þess að þeir séu skoðaðir með það að leiðarljósi að bæta meðferð fjármuna, afkomu sveitarfélagsins og þar með búsetuskilyrði.“

### 3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 21. feb.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er komið inná vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins. Farið var yfir forsendur áfangaskýrslu og ýmsar lagfæringar gerðar. Farið yfir lýsingu á skipulagsverkefniinu sbr. 30. gr. nýrra skipulagslaga og uppkast að skipulagsupprætti. Þá var og farið yfir mat á umsóknum og breytingar á þeim.

Þriðji liður fundargerðarinnar.

#### „Umsögn um geymsluleyfi.

*Á fundi sveitarstjórnar 10. febrúar s.l. var óskað eftir umsögn Skipulagsnefndar á geymsluleyfi til handa Þórhalli Kristjánssyni vegna vinnubúðaeininga sem standa leyfislausar í Vogum. Skipulagsnefnd er ekki kunnugt um að það sé til nokkuð sem heitir geymsluleyfi í byggingarreglugerð, einungis stöðuleyfi eða byggingarleyfi. Skipulagsnefnd leggur hins vegar til við sveitarstjórn að fengið verði leyfi hjá Landsvirkjun til að geyma umræddar einingar á gömlu lóð Kísiliðjunnar til 1. maí n.k. Lagt er til að dagsektir verði felldar niður gegn því að Þórhallur flytji einingarnar fram og til baka á sinn kostnað. Að öðrum kosti verði dagsektir innheimtar að fullu uns leyfi fyrir byggingunni liggur fyrir.“*

Fjórði liður fundargerðarinnar.

#### „Umsögn um drög að deiliskipulagstillögu norðan og vestan Bjarkar.

*Með tölvupósti bárust drög að deiliskipulagstillögu og óskar sendandi, Þórhallur Kristjánsson eftir umsögn Skipulagsnefndar á staðsetningu tveggja húsa, starfsmannahúss og gróðurhúss eins og þau eru sýnd á tillögunni. Skipulagsnefnd fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi á athafnasvæði Bjarkar og leggur til við sveitarstjórn að Þórhalli Kristjánssyni verði veitt heimild til áframhaldandi deiliskipulagsvinnu norðan og vestan Bjarkar. Jafnframt leggur nefndin til að heildstæð mynd verði dregin upp af öllu athafnasvæði Bjarkar og Voga ferðaþjónustu.*

*Skipulagsnefnd minnir á 2. mgr. 38. gr. nýrra skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem fram kemur hvernig með mál skuli farið.*

Fimmti liður fundargerðarinnar.

**„Umsögn um stöðuleyfi fyrir gistihús Vogum 1.**

*Með tölvupósti óskar Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogafjóss eftir stöðuleyfi fyrir sex herbergja gistihúsi. Staðsetning er sýnd á m.f. deiliskipulagsupphætti. Skipulagsnefnd fagnar því að unnið sé að deiliskipulagi á athafnasvæði Voga 1 og leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði að veita umbeðið stöðuleyfi til eins árs enda sé það í samræmi við tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu.*

*Skipulagsnefnd minnir á 2. mgr. 38. gr. nýrra skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem fram kemur hvernig með mál skuli farið.*

Sjötti liður fundargerðarinnar.

**„Breyting á aðalskipulagi í landi Arnarvatns.**

*Með bréfi óska eigendur Arnarvatns eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps í landi Arnarvatns nánar tiltekið á Húsaás. Óskað er eftir að svæði verði skipulagt sem verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði tekið með í þá vinnu sem nú er í gangi við endurskoðun aðalskipulagsins.*

Sjöundi liður fundargerðarinnar.

**„Önnur mál.**

**a. Kynnt kostnaðaráætlun fyrir umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.**

*Kostnaðaráætlun kynnt. Áætlun vinna liggur á bilinu 60 -240 tímar, eftir því hversu ítarlegt verkefnið er. Verð liggur á bilinu 600 þúsund til 2 millj. kr. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við VSO miðað við fyrirliggjandi upplýsingar með tilliti til allra verkþátta.*

Sveitarstjórn samþykkir þriðja, fjórða, fimmta og sjötta lið fundargerðarinnar. Sveitarstjórn frestar að taka afstöðu til liðar sjö a í fundargerðinni þar til að fyrir liggur með hvaða hætti hægt er samnýta vinnu aðalskipulags og umhverfisstefnu.

Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

**4. Fjárhagsáætlun HNE 2011.**

Fyrir fundinum liggur endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fyrir árið 2011. Fyrri áætlun hafði gert ráð fyrir að Fjallabyggð yrði áfram á starfssvæði HNE en ekki HNV eins og raunin varð. Við þess ákvörðun Fjallabyggðar breytast forsendur fjárhagsáætlunarinnar þannig að í stað þess að gert hafi verið ráð fyrir 1000 íbúa aukningu á starfssvæði HNE verður 1000 íbúa fækkun. Hlutur Skútustaðahrepps í nefndri áætlun verður rúmlega 1,7 milljónir. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

**5. Styrkbeiðni frá Bandalagi íslenskra skáta.**

Með bréfi óskar Bandalag íslenskra skáta eftir fjárstyrk til að halda verkefnið ”Góðverkadagana 2011”. Óskað er eftir 30 – 60 þús. kr. framlagi.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

**6. Styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Þjálfá.**

Með tölvupósti óskar Árný Hulda Sæmundsdóttir form. Hestamannafélagsins Þjálfá eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna mótsins „Mývatn open“ sem haldið verður 12. mars n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja félagið með sama hætti og verið hefur.

**7. Fundargerð Skólanefndar dags. 7. feb.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar er sagt frá skólaárinu 2011-2012. Gert er ráð fyrir svipuðum nemenda- og starfsmannafjölda og á yfirstandandi skólaári. Í þriðja lið a, fundargerðarinnar er farið yfir húsnæðismál leikskólans og leggur Skólanefnd til við sveitarstjórn að til þess að leysa húsnæðismál leikskólans fyrir 1. júní 2011 fái leikskólinn allt húsnæðið að Hlíðavegi 6 til umráða. Með því móti er hægt að koma starfsemi hans í heildstæðan farveg til nánustu framtíðar, auka fjölda nemenda og veita það rými sem til þarf fyrir nemendur frá 12 mánaða til 6 ára aldri. Í þriðja lið b, kemur fram að gert er ráð fyrir 20 börnum í leikskólann 2011-2012. Þá leggur Skólanefnd til að aldurstakmark leikskólans verði 12 mánaða aldur barns. Í þriðja lið c, greindi leikskólastjóri frá því að fyrirhugað væri að leikskólanum væri lokað í fimm vikur í sumar. Fram kom hjá nefndarmanni að ótækt væri fyrir ferðaþjónustuna hér í sveit að leikskólinn væri lokaður á háannatíma ferðaþjónustunnar. Skólanefnd leggur til að leikskólastjóri kanni dagvistunarþörf á sumartíma þ.e. á hvaða tíma frá 15. maí til 15. september fólk myndi helst vilja taka börn sín í fjögurra vikna frí.

Sveitarstjórn samþykkir að kanna til hvaða ráða hægt er að grípa til að leysa húsnæðisvanda leikskólans. Þá samþykkir sveitarstjórn að leikskólastjóri kanni hvað tími henti best til sumarlokunar.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik K. Jakobsson.